

Verslunarráð Íslands í Japan hvetur til þverpólíttískrar samstöðu um fríverslunarviðræður við Japan

Verslunarráðið fagnar þingsályktunartillögu Össurar Skarphéðinssonar, fyrrv. utanríkisráðherra Íslands, og fjögurra annarra þingmanna sem lögð var fram í gær, 20. mars, um að hefja undirbúning að gerð fríverslunarsamnings við Japan.

Verslunarráðið fagnar einnig fundi sem Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra Íslands, átti með Nobuteru Ishihara, umhverfisráðherra Japans, í Tókíó 17. febrúar sl., þar sem einnig var rætt um fríverslunarsamning á milli Íslands og Japans.

Á fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar Verslunarráðsins, 16. janúar sl., ákvað stjórnin að einsetja sér að styðja og efla enn frekar viðskiptatengsl þjóðanna í samstarfi við sendiráð Íslands í Tókíó, og þá sérstaklega styðja við gerð fríverslunarsamnings milli Íslands og Japans.

Þann 5. febrúar sl., átti Verslunarráðið svo fund í Tókíó með Högna Kristjánssyni, sviðsstjóra viðskiptasviðs utanríkisráðuneytis Íslands, og Hannesi Heimissyni, sendiherra Íslands í Tókíó sem er jafnframt heiðursformaður Verslunarráðsins, um möguleika á fríverslunarsamningi á milli Íslands og Japans.

Ljóst er að japönsk stjórnvöld vinna nú markvisst að því að styrkja samkeppnishæfni sína á alþjóðavettvangi og hafa nú þegar gert 13 tvíhliða fríverslunarsamninga og vinna að gerð sjö til viðbótar.

Á sama tíma eru japönsk stjórnvöld að leggja meiri áherslu á frekara samstarf við Ísland eins og fram hefur komið í viðræðum japanskra stjórnvalda við hin svokölluðu NB8 ríki, þ.e. Norrænu þjóðirnar og Eystrasaltsríkin.

Því til stuðnings má nefna fyrirhugaða stækkun sendiráðs Japans á Íslandi og fjölgun japanskra sendiráðsnauta á þessu ári. Einnig má nefna heimsókn Nobuteru Ishihara, umhverfisráðherra Japans, til Íslands 26.-29. júlí sl., þar sem hann átti m.a. fundi með Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra Íslands, Sigurði Inga Jóhannssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra Íslands, og Hönnu Birnu Kristjánssdóttur, innanríkisráðherra Íslands. En Nobuteru Ishihara var fyrsti japanski ráðherrann til að heimsækja Ísland í um 15 ár.

Utan Evrópu er Japan næst stærsta viðskiptaland Íslands á eftir Bandaríkjunum og jafnframt þriðja stærsta efnahagsveldi heims. Japan var fyrsta erlenda ríkið til að styðja Ísland innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir efnahagshrunið 2008. Japan er eitt þeirra erlendu ríkja sem styrkja hvað mest íslenska náms- og listamenn. Ferðamannafjöldi frá Japan til Íslands hefur aukist um 15% árlega á sl. árum og er japanska orðin næst vinsælasta erlenda tungumálið sem kennt er við Háskóla Íslands.

Framundan eru mjög spennandi tímar í samstarfi Íslands og Japans. Á næsta ári fagna þjóðirnar 60 ára stjórnmalasamstarfi. Samstarf ríkjanna hefur reynst gæfuríkt fyrir báða aðila og því hvetur Verslunarráð Íslands í Japan til þverpólíttískrar samstöðu um fríverslunarviðræður við Japan.

Um Verslunarráð Íslands í Japan:

Verslunarráðið er skipað 22 fulltrúum, m.a. frá nokkrum af stærstu fyrirtækjum Japans. Þar má nefna Mitsubishi Corporation sem er eitt stærsta fjárfestingafyrirtæki Japans, Mitsubishi Heavy Industries eitt stærsta framleiðslufyrirtæki Japans, Fuji Electric og Maruha Nichiro stærsta sjávarútvegsfyrirtækis heims. Stór íslensk fyrirtæki eins og Eimskip og sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic ásamt íslenska nýsköpunarfyrirtækinu Cooori eiga einnig fulltrúa í Verslunarráðinu.

Frekari upplýsingar fást hjá Bolla Thoroddsen, formanni Verslunarráðsins.

Tölvupóstur: bolli@takanawa.is

Sími: +81-80-6817-7334